

Afskriftir námslána – minnisblað

Í Norður Noregi hafa námslán íbúa um langt skeið verið færð niður um vissa upphæð árlega. Námslán eru afskrifuð um 10% á ári hjá þeim sem búa og starfa innan svæðisins. Gerð er krafa um að fólk sé í a.m.k. 50% starfi en sérstakar undanþágur gerðar fyrir þá sem hafa ung börn á framfæri sínu. Rannsóknir sýna að þessi aðgerð er mjög árangursrík til að hvetja ungt, vel menntað fólk til að flytja inn á svæðið. Sérstaklega fólk sem er uppalið á svæðinu. Engin sérstök vandamál hafa komið fram í framkvæmd þessa afsláttar.

Ástæða er til að hafa í huga að til að þessi aðgerð skili árangri sem byggðaaðgerð þurfa einnig að vera til staðar tækifæri fyrir vel menntað fólk á þeim stöðum sem afslátturinn er veittur. Að öðrum kosti mun fólk ekki fjölda og eina niðurstaða afskriftana er fjárhagslegur ávinningur íbúa svæðisins (sem getur verið markmið í sjálfu sér en ef svo er eru aðrar aðgerðir vænlegrí til árangurs).

Ef sambærilegu kerfi yrði komið á fót hérlandis þarf útfæra það vandlega og væntanlega mætti byrja með afmarkað svæði sem tilraunaverkefni. Eftirfarandi álitamál þarf að skýra:

Umfang svæðis

Afmarka þarf skýrt þau svæði sem aðgerðin á að taka til og rökstyðja vandlega hvers vegna viðkomandi svæði verða fyrir valinu. Stöðugreining Byggðastofnunar¹ sýnir að ekki er afgerandi munur milli svæða hvað varðar menntunarstig nema hvað fólk á höfuðborgarsvæðinu er almennt mun betur menntað en fólk utan höfuðborgarsvæðisins.

Ef hins vegar er litið til þróunar á fjölda íbúa, þá skera Vestfirðir og Norðurland Vestra sig úr frá öðrum landshlutum eins og sjá má á eftirfarandi töflu:

Landshlut	Fjölgun/fækkun íbúa 1998-2013	%
Vestfirðir	-1.525	-17,8
Norðurl Vestra	-981	-11,9
Norðurl Eystra	609	2,1
Austurland	12	0,1
Suðurland	3.344	16,3
Suðurnes	5.491	34,9
Höfuðb.-svæði	41.069	24,9
Vesturland	1.457	10,5

Fækkunin á Vestfjörðum er tæplega 18% og á Norðurlandi Vestra tæplega 12%. Í öðrum landshlutum er annað hvort jafnvægi í íbúaþróun eða fólksfjölgun. Þetta eru einnig tveir fámennustu landshlutarnir; hvor um sig með riflega 7.000 íbúa². Það skal þó haft í huga að þessir tveir landshlutar eru ólíkir að mörgu öðru leyti. Fækkunin á Ísafirði, stærsta

¹ Sjá rit Byggðastofnunar, Byggðaþróun á Íslandi – Stöðugreining 2013 – Fylgirit með stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017. www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/stodugreining-2013-11-11.pdf

² Þess má geta að sambærilegt kerfi í Norður-Noregi nær til um 2% íbúa landsins en sama hlutfall býr á Vestfjörðum.

þéttbýlisstað Vestfjarða var 12% á meðan fækkunin á Sauðárkróki var einunigs 3%. Þá er ólíku saman að jafna hvað varðar samgöngur og fleiri þættir. Vestfirðir henta einnig vel þar sem þeir eru landfræðilega vel afmarkaðir og mjög fátt fólk býr á jöðrum svæðisins, sem minnkar líkur á að íbúar nágrannabyggða „pendli inn“ á svæðið. Ef áhugi er á að byrja með enn minna svæði mætti jafnvel afmarka „Ísafjarðarsvæðið“ sérstaklega.

Umfang afskrifta

Í öðru lagi þarf að ákveða hversu stóran hluta lána eigi að afskrifa á hverju ári og hversu lengi einstaklingar geti notið afskriftana. Í Noregi eru námslánin færð niður um 10% á ári, en að hámarki um 25.000 NOK og lágmarki 2.000 NOK uns lánið er endurgreitt að fullu. Hérlandis mætti hugsa sér að leggja af stað með 10% endurgreiðslu en binda endurgreiðslutímann við 5-10 ár. Fimm ára endurgreiðslutími þýðir að um 40% höfuðstóls lánana fellur niður en á 10 árum falla 65% lánana á brott.

Kostnaður

Við vinnslu þessa minnisblaðs var óskað gagna frá Lánaþjóði íslenskra námsmanna um fjölda lánþega á Vestfjörðum sem lokið hafa námi síðustu 5 ár. Niðurstöðurnar eru birtar í töflunni hér að neðan:


STAÐUR	PÓSTNR	FJÖLDI *)	Pr. árgang	Meðallán pr. einstakling
Reykhólahreppur	380	4	0,8	2.541.320
Ísafjörður	400	87	17,4	55.273.700
Ísafjörður	401	1	0,2	635.330
Hnífsdalur	410	9	1,8	5.717.969
Bolungarvík	415	41	8,2	26.048.525
Súðavík	420	7	1,4	4.447.309
Flateyri	425	6	1,2	3.811.979
Suðureyri	430	4	0,8	2.541.320
Patreksfjörður	450	28	5,6	17.789.237
Patreksfjörður	451	1	0,2	635.330
Tálknafjörður	460	5	1	3.176.649
Bíldudalur	465	10	2	6.353.299
Þingeyri	470	4	0,8	2.541.320
Þingeyri	471	2	0,4	1.270.660
Staður	500	4	0,8	2.541.320
Hólmavík	510	17	3,4	10.800.608
Drangsnes	520	1	0,2	635.330
Norðurfjörður	524	2	0,4	1.270.660
Samtals:		233	46,6	148.031.863

*) Fjöldi einstaklinga sem lokið hafa námi síðustu 5 ár.

Þetta þýðir að 10% niðurfærsla kostar um það bil 15 milljónir á árgang³ á fyrsta ári en því fleiri ár sem lárin eru færð niður, því lægri verður árlegur kostnaður pr. árgang en heildarkostnaður kerfisins hækkar. Myndin hér að neðan sýnir hvernig heildarkostnaður

³ Ætla má að hlutfallatölur séu yfirfæranlegar á síðustu 10 árganga og á Norðurland Vestra.

(heila, rauða línan) hækkar eftir því sem tímamörk kerfisins lengjast. Ef einstaklingar geta að hámarki fengið afskriftir í fimm ár kostar kerfið um 60 m.kr. fyrir Vestfirði en ef tíminn er aukinn í 10 ár hækkar árlegur kostnaður í um 90 milljónir. Full niðurgreiðsla námslána myndi kosta ríkissjóð um 140 m.kr., með fyrirvara um áreiðanleika gagna.



Þessar tölur eiga eingöngu við um Vestfirði og byggja á gögnum um síðustu fimm árgangana. Því þarf að hafa fyrirvara um nákvæmi líkansins þegar árafjöldinn fer yfir 5-10 ár.

Niðurstaða

- Afskriftir námlána hafa verið notaðar sem byggðastyrkjandi aðgerð í Noregi um áratugaskeið og gefist vel.
- Þar sem þessi aðferð hefur ekki verið notuð hérlandis er ráðlegt að prófa hana á afmörkuðu svæði til að byrja með en taka ákvörðun um útvíkkun svæðisins þegar reynsla er komin á framkvæmdina.
- Hægt væri að byrja á einum árgangi og bæta síðan við eftir því sem nýir árgangar úrskrifast úr háskóla.
- Vestfirðir henta vel sem tilraunasvæði – jafnvel mætti einskorða aðgerðina við hluta Vestfjarða til að takmarka umfangið enn frekar.
- Kostnaður ríkisins við niðurfærslukerfi sem greiddi niður námslán á Vestfjörðum um 10% á ári í 5 ár er um 60 m.kr. á ári. Hægt er að lækka þá tölu í um 40 m.kr. ef kerfið nær einungis til norðurhluta Vestfjarða.
- Kostnaður ríkisins við niðurfærslukerfi sem greiddi niður námslán á Vestfjörðum og Norðurlandi Vestra um 10% á ári í 10 ár væri um 200 m.kr. á ári.

Norsk reglur um afskriftir námslána

Kapittel 18 Omfang

§ 18-1 Ettergivelse av lán for yrkesaktive i Finnmark og enkelte kommuner i Nord-Troms

Låntakere som er yrkesaktive og bosatte i Finnmark eller i en av kommunene Lyngen, Storfjord, Kåfjord, Skjervøy, Nordreisa, Kvænangen og Karlsøy i Nord-Troms, kan søke om å få lånet ettergitt med ti prosent per år, men maksimum kr 25 000 og minimum kr 2 000 per år, til lånet er nedbetalt.

§ 18-2 Ettergivelse av lán for yrkesaktive leger i enkelte kommuner

Ordningen omfatter også låntakere som er yrkesaktive leger i disse kommunene:

Troms:

Gratangen, Ibestad, Torsken og Berg

Nordland:

Tysfjord, Rødøy, Nesna, Bø, Øksnes, Evenes, Vega, Flakstad, Moskenes og Andøy

Nord-Trøndelag:

Leka, Fosnes, Røyrvik, Høylandet og Lierne

Møre og Romsdal:

Aure

Fylkeslegen avgjør hvilke leger som er yrkesaktive i disse kommunene. Det er ikke et vilkår for ettergivelse etter dette punktet at låntakeren er bosatt i kommunen.

Kapittel 19 Krav til låntakeren

§ 19-1 Krav til dokumentasjon på at låntakeren er bosatt og yrkesaktiv i regionen

Det er en forutsetning at låntakeren etter at lånet er satt rentebærende etter § 1-1, dokumenterer å ha vært bosatt og yrkesaktiv i regionen i tolv sammenhengende måneder.

Låntakere som har vært yrkesaktive i regionen, men som i en kortere tid av opptjeningsperioden har hatt arbeid utenfor regionen, kan i særlige tilfeller fortsatt bli omfattet av ordningen.

[Vis merknader](#)

§ 19-2 Vilkår for bosatt

Med bosatt menes låntaker som har hatt både faktisk og formelt folkeregistrert bosted.

Dersom det er dokumentert at låntakeren faktisk har vært bosatt og yrkesaktiv i regionen, kan Lånekassen i særlige tilfeller vurdere ettergivelse selv om låntakeren ikke har hatt folkeregistrert adresse i regionen i hele opptjeningsperioden.

§ 19-3 Definisjon av yrkesaktiv

Som yrkesaktiv regnes: a) låntaker som har arbeid tilsvarende minst 50 prosent av fulltidsarbeid b) låntaker som har fulltidsarbeid i minst seks måneder, og som er registrert som arbeidssøker til fulltidsarbeid i resten av opptjeningsperioden c) låntaker som har omsorg for barn under ti år, eller har særlig tyngende omsorgsplikter i den nærmeste familien. Som barn under ti år regnes også barn som fyller ti år i løpet av 2013. d) låntaker som har studiepermisjon med lønn eller stipend tilsvarende minst 50 prosent av full stilling, der lønnen blir betalt fra en arbeidsgiver i regionen.

Det tidsrommet en låntaker er sykmeldt fra et arbeidsforhold i regionen, blir regnet med i opptjeningsperioden. Bosatte i regionen som er tilsatt i transportsektoren, på skip, oljeletingsfartøy eller faste installasjoner på kontinentalsockelen, regnes som yrkesaktive i regionen når de er skattepliktige der.

[Vis merknader](#)

§ 19-4 Avgrensning av definisjonen av yrkesaktiv

Låntaker som er i førstegangs militær- eller siviltjeneste eller i utdanning ved militære skoler, regnes ikke som yrkesaktiv.

Låntaker som omfattes av § 19-3 bokstav c, regnes ikke som yrkesaktiv i regionen dersom han eller hun er minst 50 prosent yrkesaktiv utenfor regionen i opptjeningsperioden.

§ 19-5 Avgrensning av retten til ettergivelse

Låntaker i fulltidsutdanning som kan få støtte etter første del i forskrift om tildeling av utdanningsstøtte, eller rentefritak etter kapittel 11, kan ikke få ettergitt lán etter tredje del.

Kapittel 20 Opptjeningsperiode for ettergivelse

§ 20-1 Krav til sammenhengende opptjeningstid

Opptjeningstiden skal være tolv sammenhengende måneder.

For låntakere som begynner i arbeid i regionen, regnes opptjeningstiden fra datoén vedkommende har startet i arbeidet.

§ 20-2 Unntak fra kravet om sammenhengende opptjeningstid

Etter nærmere retningslinjer kan det gjøres unntak fra kravet om sammenhengende opptjeningstid ved avbrudd på grunn av førstegangstjeneste og avbrudd på grunn av utdanning. Ved avbrudd på grunn av utdanning kan det bli gjort unntak én gang og for opp til ett år.

[Vis merknader](#)

§ 20-3 Begrensning av opptjeningsstiden

Låntaker som mottar støtte til fulltidsutdanning, kan ikke få perioden med støtte regnet med i opptjeningsstiden selv om låntakeren samtidig er yrkesaktiv.

§ 20-4 Valg av forskrift

Dersom opptjeningsperioden er fordelt på flere kalenderår, benyttes forskriftene som gjaldt ved starten av opptjeningsperioden, med mindre reglene endres til låntakerens fordel.

Kapittel 21 Ettergivelsesregler

§ 21-1 Tidspunktet for ettergivelse

Ettergivelsen skjer etter avsluttet opptjeningsperiode.

§ 21-2 Ettergivelsesgrunnlaget

Hovedstolen er ettergivelsesgrunnlaget, det vil si totalt lån ved avsluttet utdanning. Dersom det senere er innvilget ettergivelse av utdanningslån etter ordninger i kapittel 15 og fjerde del, reduseres ettergivelsesgrunnlaget. Det samme gjelder for utdanningsstøtte som låntakeren har mottatt uten å ha rett til det. Omgjøringer etter forskrift om tildeling av utdanningsstøtte, som blir foretatt etter at det er utstedt betalingsplan, fører ikke til endring i ettergivelsesgrunnlaget.

Lån som ikke er satt rentebærende før opptjeningsperioden er ute, kan ikke inngå i grunnlaget for ettergivelse.

[Vis merknader](#)

§ 21-3 Begrensning av ettergivelse ved misligholdt betalingsforpliktelse

Avdrag som har forfalt til betaling før opptjeningsperioden er ute, men som ikke er betalt på tidspunktet for ettergivelse, blir ikke ettergitt med mindre låntakeren har rett til betalingsutsettelse for avdraget etter annen del.

§ 21-4 Søknad om ettergivelse etter varsel om oppsigelse av gjelden

Når det er sendt varsel om oppsigelse av lånet, kan søknad om ettergivelse ikke bli behandlet med mindre forfalt terminbeløp betales, eller det kan gis betalingsutsettelse etter annen del.

[Vis merknader](#)

§ 21-5 Avdrag på lånet og refusjon

Det betales ikke avdrag på lånet, men alle påløpte renter skal betales. Terminbeløpene blir ikke endret så lenge rentesaldoen ved forfall er like stor som det ordinære terminbeløpet. Refusjon av betalt avdrag på lånet gis bare dersom låntakeren ber om det. Krav om refusjon må fremmes innen tre år etter at avdraget ble betalt.

[Vis merknader](#)

Kapittel 22 Søknadsfrist og foreldelse

§ 22-1 Søknad om ettergivelse

Søknad om ettergivelse må dokumenteres og sendes inn etter hver ny opptjeningsperiode. Søknaden må være mottatt av Lånekassen senest tre måneder etter at opptjeningsperioden er ute, for at kravet ikke skal bli foreldet.

<http://www.lanekassen.no/nb-NO/Toppmeny/Forskrifter/tb-2013/tredje-del-ettergivelse-av-utdanningslan-i-2013-for-lantakere-som-er-bosatt-i-og-utover-et-yrke-i-finnmark-og-utvalgte-kommuner-i-andre-fylker-regionen/>

<http://www.regjeringen.no/nb/dep/krd/dok/regpubl/stmeld/20032004/stmeld-nr-8-2003-2004-6.html?id=403573>

http://www.regjeringen.no/upload/KRD/Rapporter/Rapporter_2012/Gjennomgang_tiltakssonet_no_rut.pdf

